

Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta
10 252

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfspáttayfirlit	6
Skýringar	7

Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta
Fjárlagaliðurinn er í umsjá
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins
kt. 580417-0780
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um Samgöngustofu og reglugerða um flugvelli og flugleiðsöguþjónustu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 11 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 2.704,4 milljónir og afkoma kr. 61,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 42,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.780,0 milljónir. Framlög til Isavia vegna framkvæmda á flugvöllum eru viðskiptafærð í lok árs 2021 samkvæmt ákvörðun Fjársýslunnar þar sem ekki hefur verið lokið við framkvæmdir og Isavia skuldfærir framlögin í sínu bókhaldi.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Flugvalla og flugleiðsöguþjónustu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Flugvalla og flugleiðsöguþjónustu fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Ragnhildur Hjaltadóttir,
ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	2.644.400.000	2.650.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	60.000.000	0
Tekjur samtals		<u>2.704.400.000</u>	<u>2.650.600.000</u>
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður	3	2.583.099.996	2.748.697.561
Afskriftir	4	60.000.000	0
Gjöld samtals		<u>2.643.099.996</u>	<u>2.748.697.561</u>
Afkoma ársins		<u>61.300.004</u>	<u>(98.097.561)</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	61.300.004	(133.297.561)
Rekstrartilfærslur		0	35.200.000
		<u>61.300.004</u>	<u>(98.097.561)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Stoðkerfi		540.000.000	0
Verk í vinnslu		0	600.000.000
Fastafjármunir samtals		<u>540.000.000</u>	<u>600.000.000</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	99.000.000	389.700.000
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		2.141.000.004	0
Veltufjármunir samtals		<u>2.240.000.004</u>	<u>389.700.000</u>
Eignir samtals		<u>2.780.000.004</u>	<u>989.700.000</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	7	42.000.004	(19.300.000)
Eigið fé samtals		<u>42.000.004</u>	<u>(19.300.000)</u>
Skuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		57.000.000	409.000.000
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	8	2.681.000.000	600.000.000
Skuldir samtals		<u>2.738.000.000</u>	<u>1.009.000.000</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.780.000.004</u>	<u>989.700.000</u>
Aðrar upplýsingar	9		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		61.300.004	(98.097.561)
		<u>61.300.004</u>	<u>(98.097.561)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(2.141.000.004)	78.797.561
Tengdir aðilar		2.431.700.000	(389.700.000)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(352.000.000)	409.000.000
		<u>(61.300.004)</u>	<u>98.097.561</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		0	(600.000.000)
		<u>0</u>	<u>(600.000.000)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Tengdir aðilar		0	0
Fjárfestingarframlag		0	600.000.000
		<u>0</u>	<u>600.000.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Stoðkerfi 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	2.644.400.000	2.650.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	60.000.000	0
	<u>2.704.400.000</u>	<u>2.650.600.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	2.526.100.000	0	0	2.526.100.000
Millifært úr varasjóð	57.000.000	0	0	57.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	61.300.000	0	0	61.300.000
Fjárveiting til tekna	2.644.400.000	0	0	2.644.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(2.583.099.996)	0	0	(2.583.099.996)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	61.300.004	0	0	61.300.004

	2021	2020
3 Annar rekstrarkostnaður		
Samningsbundin kaup og leiga	2.583.099.996	2.664.800.000
Kostnaðarhlutdeild	0	5.100.000
Tapaðar kröfur	0	78.797.561
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>2.583.099.996</u>	<u>2.748.697.561</u>

4 Afskriftir

Stoðkerfi	60.000.000	0
	<u>60.000.000</u>	<u>0</u>

5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Stoðkerfi	540.000.000	0
	<u>540.000.000</u>	<u>0</u>
Verk í vinnslu	0	600.000.000
	<u>0</u>	<u>600.000.000</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Stoðkerfi
Staða 01.01.2021	0
Endurflokkað af verkum í vinnslu	<u>600.000.000</u>
	600.000.000
Afskrift ársins	<u>60.000.000</u>
	60.000.000
Staða 31.12.2021	<u>540.000.000</u>

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	99.000.000	389.700.000
	<u>99.000.000</u>	<u>389.700.000</u>

7 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(19.300.000)	78.797.561
Afkoma ársins	61.300.004	(98.097.561)
Jöfnuður 31.12.	<u>42.000.004</u>	<u>(19.300.000)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

8 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

31.12.2021 31.12.2020

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	540.000.000	600.000.000
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	2.141.000.000	0
	<u>2.681.000.000</u>	<u>600.000.000</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	600.000.000	0	600.000.000
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	2.141.000.000	2.141.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	(60.000.000)	0	(60.000.000)
	<u>540.000.000</u>	<u>2.141.000.000</u>	<u>2.681.000.000</u>

Skýringar

9 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Í gildi eru þjónustusamningar við Isavia frá 3. júní 2019 með gildistíma til og með 31. desember 2023.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.